

ustu kvenfrelsiskonum Englands, hefir verið slept úr fangelsi, vegna þess að heilsa hennar var stór hætta búin; og svo er um fleiri. Að margra áliti hafa konurnar spilt fyrir málstað sínum með of mikilli svæsni og næstum skríðlegum uppþotum. Er það illa farið með gott málefni, sem ætti að ræðast með stillingu og af skynsemd.

## Áheit í sjávarháska.

Saga eftir *August Strindberg*.

Vestman í Neðribæjarey hafði siglt með skonnortu til Norðs, og hafði komist alla leið norður í Lófót. Þar hafði hann hitt hvalveiðarmenn og lært sitt af hverju um aðferð þeirra að veiða hvali með skutli. Þegar hann kom heim aftur í eyna, datt honum í hug að nota þessa nýfengnu þekkingu sína við selveiðar þar, sem stöðugt fóru minnkandi, vegna þess að selirnir fældust byssuskotin.

Til að framkvæma þessa hugmynd sína, valdi hann þá miður heppilegu aðferð, sem hér verður skýrt frá, og það hafði afleiðingar í för með sér, sem hvorki hann né nokkur annar gat séð fyrir. Æfintýrið, sem út af því spanst, þykir enn í frásögu ferandi þar í eyjunum.

Eitt kvöld um haustið fór Vestman á flatbotnuðum smábát með dreng út í ytri eyjarnar, þar sem selirnir voru vanir að skrifa á land til að baða sig í sólskininu. Hann hafði tekið með sér otraflein í þessa merkilegu veiðiför, sem endranær var notaður til þess að ná otrum úr bjargskorur; og þetta morðtöl hafði hann að sið hvalveiðarmanna, fest með löngum streng um vinduás, sem snerist í framstafni bátsins. Hvorki hann né aðrir vissu nokkurt ráð til að komast svo nálægt hræddum selunum, að hægt væri að festa þennan óvenjulega skutul í þeim. En